



## Fundargerð nr. 16

### Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Hótel Selfoss
<b>Fundardagur:</b>	Mánudagur 08.05.25
<b>Fundartími:</b>	19:00-22.00
<b>Fundarmenn:</b>	Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður Rúnar Magnússon aðalmaður Harpa Magnúsdóttir aðalmaður Hafdís Gígja Björnsdóttir varamaður <i>Sigurður Ingi Sigurðsson aðalmaður tilkynnti forföll</i>

*Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.*

1. Rætt um Fjör í Flóa, sem haldið verður 30. Og 31. maí 2025. Loka yfirferð fyrir Fjör í Flóa, farið yfir endanleg drög og fjárhagsáætlun.
2. Íþróttá, æskulýðs og menningarnefnd, hvetur sveitarstjórn Flóahrepps til þess að breyta reglum um afreks og íþróttafólk Flóahrepps og bæta við hvatningarverðlaunum, sem veitt eru iðkendum á aldrinum 12 – 20 ára sem eru áhugasamir, með góða ástundun, sýna góða hegðun innan vallar sem utan, góðir félagar og teljast vera góðar fyrirmyndir annarra unglinga.
3. Tilnefningar íþróttafólks Flóahrepps – Tekið fyrir og afgreitt.
4. Íþróttá, æskulýðs og menningarnefnd, hvetur sveitarstjórn Flóahrepps til þess að beita sér fyrir því halda opin hús/íþróttaskóla fyrir foreldra ungra barna (á leikskólaaldri) t.d. að morgni dags um helgi. Svipað því og verið er að gera fyrir aðra aldurshópa/markhópa. Markmiðið sé hreyfing og félagsleg tenging.
5. Menningarstyrkur – umsókn barst frá einum aðila. Tekið fyrir og ályktun send til sveitarstjórnar.
6. Ákveðið er að Sigrún Hrefna Arnardóttir verði í 17. Júní nefnd Flóahrepps fyrir hönd nefndarinnar/sveitarfélagsins.

Fundi slitið 22.00